

RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/

Reykjavík, 5. maí 2019

Tilvísun ríkissaksóknara: 201904-0222

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri lögum (skilvirkni og samræming málsmeðferðarreglna o.fl.) 783. mál.

Vegna umfjöllunar í athugasemdum með frumvarpinu um 23. gr. telur ríkissaksóknari efni til að áréttta að sú staða getur komið upp, eftir að sakborningur hefur lýst því yfir að hann uni dómi, að ákærvaldið taki ákvörðun um áfryjun dómsins strax og hann liggur fyrir eða telji rétt að staldra við og íhuga hvort efni séu til að áfrýja dómnum og taka sér í því skyni frest til að fara yfir dómnum. Dómur sem er áfrýjanlegur er því ekki endanlegur fyrr en afstaða sakbornings og ákærvalds liggur fyrir um að dómi verði ekki áfrýjað.

Ríkissaksóknari tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn héraðssaksóknara hvað varðar 4. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og þann 12 vikna hámarksfrest sem ákvæðið fjallar um, sem ekki þekkist í löggjöf annarra Norðurlanda.

Þá er á það bent að gæsluvarðhaldi á grundvelli almannahagsmuna, sbr. 2. mgr. 95. gr., sem oftast er raunin þegar um langt gæsluvarðhald er að ræða, er einungis beitt þegar um mjög alvarleg brot er að ræða og sakborningur sætir þá að öllu jöfnu ekki einangrun líkt og oft er þegar um gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna er að ræða, sbr. a-liður 1. mgr. 95. gr.

Sá þröngi tímarammi sem lögreglu og ákærvaldi er settur með 4. mgr. 95. gr. er til þess fallinn að draga úr gæðum rannsókna og ákærumeðferðar sakamála. Ríkissaksóknari telur því rétt að fella ákvæði 4. mgr. 95. gr. úr gildi. Eftir sem áður er það hlutverk dómstóla og ákæranda að hafa gætur á því að gæsluvarðhald vari ekki lengur en þörf krefur.



Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari



nefundasvid@althingi.is